

# AUGLÝSING

## um tímabundið Starfsleyfi fyrir Fiskmjölsverksmiðjuna að Kletti, Reykjavík.

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikil álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri skal greina Hollustuvernd ríkisins skriflega frá því áður.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskodað, ef í ljós koma frá starfseminni skaðleg eða óæskileg áhrif á umhverfið eða heilsu almennings sem ekki voru ljós fyrir.

### 2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS.

- 2.1. Allt löndunarvatn sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki, t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og viðurkennd af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymslum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Þann hluta hráefnisgeymslu sem tæmdur hefur verið, skal skola strax með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t. d. með notkun háþrýstibúnaðar og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota mokssturæki skal þrifa þau vel strax að loknu verki.
- 2.6. Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Órotvarið hráefni til vinnslu skal að jafnaði ekki geyma lengur en þrjá sólarhringa áður en það er tekið til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4° C meðan á geymslu stóð skal geymsla heimiluð í fjóra sólarhringa.

- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtnar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnaefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnaefna til geymslu á bræðslufiski.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheydingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengdu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með virka skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.
- 2.10. Lyktheyding skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20° C.
- 2.11. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.12. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Áður en hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 2 til 11,5.
- 2.13. Frárennsli sem til fellur úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð.
- 2.14. Framkvæma skal athugun á lífrænum efnum í frárennsli í samráði við Hollustuvernd ríkisins.
- 2.15. Gengið skal frá frárennsli frá snyrtingum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
- 2.16. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu varnarþró skal rúmtak hennar vera a. m. k. 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.17. Um frágang olúgeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.
- 2.18. Verksmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi og hafa reglulegt eftirlit með honum og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í dagbók. Eftirlitsaðila skal heimilaður aðgangur að dagbókum hvenær sem er.

### **3. EFTIRLITSGJÖLD.**

- 3.1. Fyrirtækið greiðir eftirlitsgjald samkvæmt 2. flokki gjaldskrár nr. 279/1991 sem sett er samkvæmt 3. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 með síðari breytingum.

**4. GILDISTAKA.**

- 4.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 1993.

*Umhverfissráðuneytið, 21. desember 1992.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 324/1992 um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslumark til framleiðslu mjólkur á lögbylum verðlagsárið 1992-1993.**

## 1. gr.

5. mgr. 1. gr. verður svohljóðandi:

Þau 20% fullvirðisréttar sem haldið var eftir við sölu á milli framleiðenda og skráð voru hjá seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. rg. nr. 262/1991, falla niður 31. ágúst 1992.

## 2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Bætur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar, þ.m.t. réttar sem bundinn er í leigu hjá Framleiðnisjóði, skulu vera kr. 50 á hvern lítra og greiðast 31. mars 1993 af innheimtum verðmiðlunargjöldum af mjólk.

## 3. gr.

6. gr. verður svohljóðandi:

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi sbr. þó rg. nr. 604/1989.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkur-samlagssvæði.
- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr. 6. gr. Framleiðsla umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflidum a-c að ofan skal markaðsfært erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innan lands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.